

274. fundur Skólanefndar FS

13. desember 2005



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason, Garðar Páll Vignisson, áheyrnarfulltrúinn Arnar Magnússon og Oddný Harðardóttir skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Nýr skólasamningur.
2. Næsta önn.
3. Önnur mál.

1. Nýr skólasamningur.

Farið yfir drög að skólasamningi fyrir 2006-2008. Samþykkt að formaður undirriti samninginn fyrir hönd skólanefndar.

2. Næsta önn.


Skólameistari kynnti tölur um fjölda nemenda á haustönn og fjölda umsókna á vorönn. Nemendur með staðfest val á vorönn eru 875 og stefnir í að nemendur verði nokkuð fleiri en á síðustu vorönn. Boðið verður upp á nám á flughjónustubraut, stúdentsbraut fyrir afreksíþróttamenn og áfanga í þjálfun fatlaðra íþróttamanna en þetta er í samstarfi við aðila utan skólans. Skólinn verður einnig í samstarfi við Miðstöð símenntunar um menntun ófaglærðra iðnaðarmanna í trésmíði.

3. Önnur mál.

a) Rætt um fundatíma skólanefndar og ákveðið að fundir verði annan þriðjudag hvers mánaðar.

Skólameistari þakkaði nefndarmönnum samstarfið. Nefndarmenn þökkðu Oddnýju samstarfið og óskuðu henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari



virðing - samvinna - árangur

353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Skólasamningur 2006 – 2008

353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1
Skólasamningur 2006 – 2008	1
1.0 Tilgangur og forsendur	2
2.0 Hlutverk skólans	2
3.0 Skipulag og markmið	2
4.0 Námsframboð	3
5.0 Sérverkefni	4
6.0 Sjálfsmat og eftirfylgni	4
7.0 Rekstur	4
8.0 Húsnæði	5
9.0 Upplýsingatækni	5
10.0 Starfsmannamál	5
11.0 Fundir, samskipti og upplýsingastreymi	5
12.0 Ársskýrsla	5
13.0 Gildistími	5

1.0 Tilgangur og forsendur

Samningur þessi er í samræmi við stefnu og ákvörðun ríkisstjórnarinnar um árangursstjórnun í ríkisstofnunum frá 11. nóvember 1997 og byggir á 39. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla. Samningurinn kveður annars vegar á um starfsemi Fjölbrautaskóla Suðurnesja og árangur þann sem skólinn ætlar að ná með starfi sínu og hins vegar hvernig menntamálaráðuneytið muni standa að gerð tillagna um fjárveitingar til skólans á fjárlögum. Fjárlagatillögur byggja á starfsemi sem tilgreind er í samningnum og markmiðum um árangur í skólastarfi og rekstri.

Samningurinn er umgjörð um samskipti aðila en breytir í engu ábyrgð menntamálaráðherra á starfrækslu skóla gagnvart Alþingi eða þeim stjórnsýsluskyldum sem ráðherra og Fjölbrautaskóli Suðurnesja hafa lögum samkvæmt.

Rekstrarframlag skólans er ákveðið í fjárlögum og er því samningurinn háður samþykki Alþingis á fjárlagatillögum menntamálaráðuneytis. Ef fjárlög og fjárlagatillögur menntamálaráðuneytisins fara ekki saman getur skólinn farið fram á viðræður um breytingar á fyrirhuguðum verkefnum.

2.0 Hlutverk skólans

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn býr nemendur undir störf í atvinnulífinu og frekara nám. Framhaldsskólinn skal leitast við að efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfar þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til stöðugar þekkingarleitar.

Um yfirstjórn Fjölbrautaskóla Suðurnesja fer samkvæmt skipulagi stjórnunar sem tiltekið er hér á eftir og staðfest er með undirritun samningsins. Yfirstjórn skólans skipa skólameistari, aðstoðarskólameistari og áfangastjóri.

Hlutverk Fjölbrautaskóla Suðurnesja er kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum, eins til þriggja ára nám á starfsnámsbrautum en einnig kennsla til lokaprófs á iðn- og verknámsbrautum, allt með áfanga og fjölbrautasniði. Einnig kennsla á almennri námsbraut.

3.0 Skipulag og markmið

Í skólanum skal gefa út skólanámskrá þar sem gerð er grein fyrir námsframboði, lengd (einingafjölda) og innihaldi námsáfanga og skiptingu námsgreina á námsannir eða námsár. Þar skal einnig gerð grein fyrir áherslum í starfi skólans, kennsluháttum, námsmati og stjórnunaráttum, svo sem gæðastjórnun. Meginviðfangsefni sjálfsmats skóla á hverjum tíma eru áherslur skólanámskrár og markmiðasetning byggð á þeim.

Í skólanámskrá gerir skólinn grein fyrir hvernig ná skuli því markmiði framhaldsskóla að námið stuðli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Skólanámskráin skiptist þannig í aðalatriðum í þrjá kafla, almennan hluta með skólareglum og markmiðasetningu, brautaframboð skólans og áfangalýsingar. Skólanámskrá er birt á heimasíðu skólans. Birt námskrá ber með sér hvenær hún var síðast endurskoðuð í heild eða einstakir kaflar hennar, þar með taldir einstakir námsáfangar sbr. skráningarreglur í Innu sem menntamálaráðuneytið setur. Tengiliður skólans í ráðuneytinu er til samráðs um námskrárhlutann. Landið allt er eitt innritunarsvæði en hver skóli hefur að jafnaði skilgreint þjónustusvæði, landfræðilegt eða umdæmamiðað með öðrum hætti skv. þessum samningi. Þjónustusvæði Fjölbrautaskóla Suðurnesja skv. þessu er: Reykjanes sunnan Straums.

Nemendafjöldi framhaldsskóla ákvarðast af stærð fæðingarárganga, skólasókn og virkni nemenda eins og reiknað er á hverjum tíma út frá fyrirbyggjandi gögnum Hagstofu Íslands og menntamálaráðuneytis og hins vegar af fjárveitingum eftir ákvörðun Alþingis.

Skipting nemenda milli einstakra skóla ræðst af áætlunum sem skólarnir gera í janúar í tengslum við skil ársskýrslu, endurskoðun þeirra áætlana í ljósi aðsóknar og innritunar fyrri hluta árs og lokaákvörðunar ráðuneytis með tilliti til ramma fjárlagafrumvarps. Þessi vinna fer fram á grunni

áætluarforms sem ráðuneytið leggur til og er til þriggja ára með árlegri endurskoðun aðila í byrjun hvers árs.¹

Skólinn skipuleggur námsframboð sitt með tilliti til þess ákvæðis framhaldsskólalaga (15. gr.) að allir sem lokið hafa grunnskólanámi skuli eiga þess kost að hefja nám í framhaldsskóla. Þegar eftirspurn er og aðsókn er næg starfrækir skólinn almenna námsbraut eða hægferðir skv. skilgreiningu, sérkennslu og stuðning við nýbúa. Þetta sértæka námsframboð miðast fyrst og fremst við þjónustusvæði skólans.

4.0 Námsframboð

Menntamálaráðuneytið staðfestir með samningi þessum starfrækslu eftirtalinna námsbrauta:

AN	Almenn námsbraut
FÉ	Félagsfræðabraut
FþB	Flugþjónustubraut
GB	Grunnnám bíliðna
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina
MG	Grunnnám málmíðngreina
GR	Grunnnám rafíðngreina
HG8	Hársnyrtíðn fyrri hluti
HÚ8	Húsasmíði
Íþ	Íþróttabraut
LN	Listnámsbraut
MB	Málabraut
LL	Námsbraut fyrir leiðbeinendur í leikskólum Námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í
SG	grunnskólum
NÁ	Náttúrufræðibraut
NG9	Netagerð
RK8	Rafvirkjun
SJ	Sjúkraliðanám
SK	Skólaliðabraut
ST1	Starfsbraut 1 og 2
ST3	Starfsbraut 3 og 4
TFB	Tölvufræðibraut
VV1	Vélstjórn 1. stig
VV2	Vélstjórn 2. stig
VI	Viðskiptabraut

Starfsgreinaráð gerir tillögur um uppbyggingu nýs eða breytts starfsnáms og námskrá í sérgreinum viðkomandi starfsnáms sem menntamálaráðuneytið síðan staðfestir og gefur út.

Skólanefnd er heimilt að setja á fót ráðgjafarnefndir við skóla um þróun starfsnáms.

Menntamálaráðuneyti fjallar um, kostnaðarmetur og afgreiðir tillögur um nýtt eða endurskoðað námsframboð, í starfsnámi sem öðru námi, með tilliti til faglegrar og ytri aðstöðu, eðlilegrar dreifingar um landið og þess hvort fé er tryggt til starfrækslunnar. Þetta krefst að jafnaði a.m.k. árs fyrirvara um upptöku nýrra námsbrauta.

¹ Helstu efnisatriði / forsendur forritsins eru:

Skráðir einstaklingar (kennitölur) í Innu í byrjun annar flokkaðir eftir dagskóla, fjarkennslu og kvöldskóla og flokkun Hagstofu Íslands á nemendum í árganga eftir loknum einingum.

Áætlað hlutfall hvers árgangs af heildartölunni eftir kennsluformi

Umreikningur á höfðatölum í ársnemendum sem tekur m.a. mið af brottfall á önn / vetri

Hlutfall útskrifaðra af heildarfjölda nemenda á önn.

Skipting útskrifaðra nemenda á námsár

Brottfall á milli anna

Skólinn ábyrgist að áfangar framboðinna námsbrauta séu ákveðnir og merktir samkvæmt reglum aðalnámskrár enda verða áfangar að hafa sætt kostnaðarmati (fá hópstærðaviðmið og stofulykil) til þess að unnt sé að greiða fyrir þá samkvæmt reikilíkani. Af sömu ástæðu þurfa áfangar sem skólinn býr til sjálfur að fá umfjöllun ráðuneytis áður en þeir eru skráðir í Innu.

Aðalnámskrá framhaldsskóla er birt og viðhaldið á heimasíðu ráðuneytisins. Þar er einnig gert ráð fyrir að viðhaldið verði aðgengilegri skrá yfir aðra áfanga sem ráðuneytið hefur afgreitt til Innu og mat á þeim.

5.0 Sérverkefni

Sérstök verkefni á starfssviði skólans á samningstímanum eru eftirfarandi:

Skólinn starfsrækir námsbrautir fyrir nemendur með sérþarfir, ST1 og ST3. Það telst sérstakt verkefni á starfssviði skólans fram til ársins 2007.

Skólinn er kjarnaskóli fyrir nám- og kennslu í netagerð.

Fjárveitingar til framangreindra verkefna, verði um þær að ræða á fjárlögum, eru tilgreindar í árlegum heimildum skólans sbr. 7.0. grein og tekur rekstraráætlun skólans til þeirra eins og annarrar starfsemi skólans.

Í rekstraráætlun hvers árs kemur fram fyrirhuguð skipting kennslunnar á dagskóla, kvöldskóla, fjarkennslu og dreifnám. Samþykkt rekstraráætlunar felur í sér samþykki fyrir þeim þessara kennsluforma sem þar koma fram.

6.0 Sjálfsmat og eftirfylgni

Skólinn setur sér verk- og framkvæmdaáætlun um sjálfsmat fyrir 1. október 2006, samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða og yfirlýsingu menntamálaráðherra í tengslum við kjarasamning fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Kennarasambands Íslands frá 17. mars 2005.

Áætlunin er fylgiskjal með samningnum frá haustönn 2006 og gerir skólinn grein fyrir framgangi hennar í ársskýrslu þaðan í frá. Áætlunin ber meðal annars með sér hvaða sjálfsmatsaðferð skólinn notar og til hvaða þátta skólastarfsins sjálfsmatið nær á hverjum tíma. Það leggur grundvöll að setningu jafnt mælanlegra markmiða sem annarra, tekur mið af markmiðum skólanámskrár, sbr. 3.0 grein samningsins svo og ákvæðum almenns hluta aðalnámskrár um framkvæmd sjálfsmats þar á meðal um birtingu þess. Ráðuneytið leggur áherslu á að gerð sé grein fyrir umbótastarfi byggðu á sjálfsmati, áherslum og markmiðum skólanámskrár í sjálfsmatsskýrslum eða ársskýrslum.

Setning mælanlegra markmiða tekur m.a. mið af samræmdu talnaefni skólakerfisins sem fánlegt er frá Hagstofu Íslands, Innu, Ríkisbókhaldi, Námsmatsstofnun eða ráðuneyti.

Gert er ráð fyrir að skólinn nýti sér faglega ráðgjöf við framkvæmd sjálfsmats.

7.0 Rekstur

Menntamálaráðuneytið beitir sér fyrir því að fjárframlög ríkissjóðs til rekstrar og kennslu taki mið af þróun almennra markmiða skólastarfs á grundvelli laga um framhaldsskóla og starfsemi þeirri sem tilgreind er í 4.0. kafla samningsins, umsömdum nemendatölum og niðurstöðum reiknilíkans skv. 39. gr. laga um framhaldsskóla.

Reiknilíkanið tekur mið af almennum verðlagsuppfærslum fjárlaga á milli ára, mælir nýtingu námshópa og hvetur til þess að nemendur, sem hefja nám við skólann, skili sér til prófs. Sé greitt fyrir sérverkefni skv. þessum samningi skal aðgreina rekstrarútgjöld og rekstrartekjur vegna þeirra sérstaklega frá öðrum rekstri í bókhaldi skólans.

Skólinn færir bókhald í gildandi bókhaldskerfi ríkisins og ber með ríkisbókhaldi ábyrgð á því að það sýni rétta fjárhagsstöðu skólans á hverjum tíma.

Skólinn skilar með ársskýrslu bráðabirgðarekstraruppgjöri og rekstraráætlun í samræmi við fjárheimildir sem ráðuneytið hefur tilkynnt skólanum á grundvelli fjárlaga í byrjun árs.

8.0 Húsnæði

Húsnæði skólans er á vegum Fasteigna ríkisins sem leigir skólanum það allt eða að hluta. Leigusamningur í gildi við undirritun þessa samnings tekur til 8.739,4 fermetra reglulegs skólahúsnæðis á 206,44 kr. mánaðarleigu fermetrinn. Leiguupphæðin er á verðlagi ársins 2005 og er bundin verðlagsuppfærslu fjárlaga.

Um aðdraganda byggingaframkvæmda, upphaf og framkvæmd fer eftir framhaldsskólalögum 80/1996, 37. gr. og lögum um skipan opinberra framkvæmda 84/2001.

9.0 Upplýsingatækni

Framhaldsskólar nýta sameiginlegt skráningakerfi fyrir nemendur og sameiginlegt háhraðanet. Stjórnir viðkomandi kerfa, sem framhaldsskólar eiga aðild að, sjá um rekstur þeirra og viðhald og setja gjaldskrá fyrir þau. Skólar bjóða nemendum og kennurum afnot af námsstjórnunarkerfi og fartölvuumhverfi til náms og kennslu.

Menntamálaráðuneytið skipulegur þróunarverkefni á vettvangi dreifmenntunar og upplýsingakerfa í samráði við skólana eða skv. útboði.

10.0 Starfsmannamál

Skólameistari ræður starfsfólk að höfðu samráði við skólanefnd. Skólinn sér um launasetningu og önnur starfskjör starfsfólks í samræmi við gildandi kjarasamninga.

Lögfræði- og stjórnsýslusvið menntamálaráðuneytis fer með starfsmannamál stofnana á verksviði ráðuneytisins eftir því sem við á. Þar sem lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 takmarka möguleika ráðuneytisins til að leiðbeina forstöðumönnum um framkvæmd starfsmannamála, m.a. þar sem ákvarðanir á grundvelli þeirra kunna að koma til endurmats ráðuneytisins á grunvelli stjórnsýslukæru, hafa verið útbúnað leiðbeiningar um upphaf og lok ráðninga kennara í framhaldsskólum sem finna má á heimasíðu menntamálaráðuneytisins. Um er að ræða almennar leiðbeiningar sem koma að notum við meðferð starfsmannamála.

11.0 Fundir, samskipti og upplýsingastreymi

Hver skóli hefur tilnefndan tengilið við ráðuneytið. Hann er til samráðs um námskrártengt efni heimasíðu, fylgir eftir skilum ársskýrslu og undirbýr viðbrögð við henni. Hann undirbýr í samráði við skólann lista yfir úrlausnarefni í samskipum ráðuneytis og skóla. Listinn er árlegt fylgiskjal með skólasamningi og er til umfjöllunar á a.m.k. tveimur árlegum fundum skólans og ráðuneytisins, sem tengiliðir boða til.

12.0 Ársskýrsla

Skólinn skilar ársskýrslu um liðið almanaksár fyrir lok janúar ár hvert. Ársskýrslan tekur til markmiðssetninga í skólastarfinu, breytinga á skólastarfi og útfyllingar eyðublaða sem ráðuneytið leggur til eða bendir á hverju sinni.

13.0 Gildistími

Samningurinn er gerður til þriggja ára og tekur gildi 1. janúar 2006.

Staður og dagur undirritunar

Menntamálaráðherra

Skólameistari

Formaður skólanefndar

Tölulegar upplýsingar

Nemendur í dagskóla H'05	917
Nemendur sem eru að útskrifast H'05	55
Nemendur í 10. bekk H'05	110
Nemendur í öldung H'05	168
Nemendur með staðfest val á V'06	875
Nemendur sem sækja um V'06 en eru ekki H'05	86

Fjölbrotaskóli Suðurnesja (FS) kt. 661176-0169 og Íþróttakademían ses. (ÍAK) kt. 471204-2850, gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

Samstarfssamningur vegna stúdentsbrautar fyrir afreksíþróttamenn

Heiti náms

Afreksbraut FS og ÍAK.

Markmið

Þjóða efnilegum íþróttamönnum upp á fyrsta flokks nám til stúdentsprófs sem er sniðið að þörfum íþróttamannsins þannig að honum gefist jafnframt kostur á daglegum æfingum í íþrótt sinni við bestu skilyrði.

Ábyrgð og samvinna

FS ber ábyrgð á stúdentsprófinu og ÍAK ber ábyrgð á þjálfun. Gert er ráð fyrir öflugum samstarfi milli aðila, ekki síst þar sem keppni og erfiðar æfingar geta hamlað ástundun á stundum. Nemendur brautarinnar hafa sama umsjónarkennara í FS sem einnig er tengiliður við ÍAK vegna námsins. Tryggt verði að upplýsingastreymi milli FS og ÍAK um árangur nemenda sé greitt og skilaboð skýr um að aðeins þeir nemendur sem leggja sig fram bæði í námi og íþróttum megi nýta sér námstilboðið.

Fjöldi nemenda

Gert er ráð fyrir að teknir verða inn 30 nemendur á hverju ári. Eftir fjögur ár má gera ráð fyrir að um 120 nemendur stundi nám við brautina.

Búseta nemenda

Líklegt þykir að flestir nemendur komi frá Suðurnesjum, en gera má þó ráð fyrir að námið sé eftirsóknarvert fyrir nemendur með búsetu utan Suðurnesja. Ef aðsókn nemenda með búsetu utan Suðurnesja verður umtalsverð þarf að grípa til ráðstafanna. Til undirbúnings þurfa FS og ÍAK að kanna hvað þarf til stofnunar heimavistar og skilagreina í framhaldi af því ábyrgðarsvið FS og ÍAK ef til stofnunar heimavistar kemur. ÍAK mun sjá um akstur til og frá skóla fyrir nemendur á höfuðborgarsvæðinu en nemendur búsettir á Suðurnesjum geta nýtt sér skólaakstur FS.

Inntökuskilyrði

Nemandi þarf að hafa hæfileika til að verða afreksíþróttamaður og jafnframt góður námsmaður. Miðað verður við einkunnina 7 úr samræmdum prófum.

Námið

Nemendur geta valið hvaða stúdentsbraut þau sækja. Nemendur fá 8 íþróttæiningar metnar en ljúka 132 einingum í FS, þar af 12 einingum í íþróttifræði.

Nemendur hvers árs fara í gegnum námið sem bekkur eftir því sem við verður komið. FS skuldbindur sig til að haga stundatöflu nemenda sem standast inntökuskilyrði þannig að þeir geti stundað námið í ÍAK óskert. Ef nemandi fellur í áfanga er ekki hægt að tryggja honum samfellu í náminu.

Íþróttagreinar

Boðið er upp á fjórar íþróttagreinar: Körfubolta, fótbolta, golf og sund.

Þjálfun

Þjálfarar eru með þeim bestu sem völ er á í hverri grein fyrir sig og hafa allir reynslu af landsliðsþjálfun. Þeir miða þjálfunina við þarfir einstaklingsins til að ná hámarks árangri.

Lögð verður áhersla á tækni, leikskilning og andlegan og líkamlegan styrk.

Nemendur munu fá fræðslu um rétta næringu og heilbriggt líferni.

Kynning náms

Námið verður kynnt um land allt og reynt verður að laða til námsins góða námsmenn sem jafnframt eru hæfileikaríkir íþróttamenn.

Námið verður kynnt sem samstarfsverkefni FS og ÍAK.

Samningstími

Samstarfssamningurinn gildir frá og með 1. ágúst 2005. Mögulegt er að hálfu beggja samstarfsaðila að segja upp samningnum með 6 mánaða fyrirvara. Þó samstarfssamningnum verði sagt upp verður tryggt að nemendur sem þá eru á námsbrautinni ljúki náminu eins og til stóð.

Reykjanesbæ 12. desember 2005,

f.h. Íþróttakadæmíunnar

Sigurður Ingimundarson

Sigurður Ingimundarson
forstöðumaður afreksbrautar.

f.h. FS

Oddný Harðardóttir

Oddný Harðardóttir
skólameistari

Dagatal vorannar 2006

Janúar			Febrúar		Mars		Apríl		Maí	
1S	Nýársdagur	1		1	8. vika	1L		1	Verkalyðsdagurinn	
2		2	Fundur	2	Fundur	2S		2	Próf	
3		3	5. vika, fundur	3	Umsjón/einkaviðtöl	3		3	Próf	
4	Sóknardagur	4L		4L		4		4	Próf	
5	Sóknardagur/töfluaðhenging	5S		5S		5	13. vika	5	Próf	
6	Fyrsti kennsludagur	6		6		6	Kennarafundur	6L		
7L		7		7		7	Starfshlaup	7S		
8S		8		8	9. vika	8L		8	Próf	
9		9	Sviðsfundur	9	Fundur	9S		9	Próf	
10		10	6. vika, fundur	10	Umsjón/einkaviðtöl	10		10	Próf	
11		11L		11L		11		11	Próf	
12	Sviðsfundur	12S		12S		12		12	Próf	
13	2. vika, fundur	13		13		13	Skírdagur	13L		
14L		14		14		14	Föstud. langi	14S		
15S		15		15	10. vika	15L		15	Sjúkrapróf	
16		16	Kennarafundur	16	Kennarafundur	16S	Páskadagur	16		
17		17	7. vika Umsjón	17	Umsjón/einkaviðtöl	17	Annar í páskum	17	Prófsýni	
18	Síðasti dagur úrsagnar	18L		18L		18		18		
19	Kennarafundur	19S		19S		19		19		
20	3. vika Umsjón	20		20	Valtímabili lýkur	20	Sumard fyrsti	20L	Útskrift	
21L		21		21		21	Sviðsfundur	21S		
22S		22	Þemadagar	22	11. vika	22L		22	Sóknardagur	
23		23	Þemadagar	23	Fundur	23S		23	Sóknardagur	
24		24	Þemadagar	24	Fundur	24	14. vika	24	Sóknardagur	
25		25L		25L		25		25	Uppstigningard.	
26	Fundur	26S		26S		26		26		
27	4. vika, fundur	27	Valtímabil hefst	27		27	Kennarafundur	27L		
28L		28		28		28	Umsjón	28S		
29S				29	12. vika	29L		29		
30				30	Sviðsfundur	30S		30		
31				31	Fundur			31		